




LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



4/11 – 11/5 2003

Mobiler

Ilmur Stefánsdóttir



Hækjur á hjólum

Pétur Eiríksson : Gekkt við hækjur fyrir 10 árum – synti í gær úr Drangey til lands.

Crutches on Wheels

Pétur Eiríksson: Walked with the help of crutches 10 years ago - swam from Drangey Island to shore yesterday.

Hjálpartæki ímyndunarafslins

Ilmur Stefánsdóttir hefur á undanföllum árum vakið verðskuldaða athygli fyrir listsköpun sína sem er í senn óvenjuleg, hnyttin og markviss. Hún er listakona sem leitast ekki langt yfir skammt að uppsprettu verka sinna og heimur henna hversdagslegu hluta er henni frjór jarðvegur. Ilmur er uppfinningamaður sem finnur upp nýja tegund farsíma/parsíma og notar ljósleiðara við gerð óvenjulegra höfuðfata, hún er húsmóðir sem sýður kartöflur í fótanuddtæki og finnur upp inkaupahanska sem gera það kleift að bera fleiri poka í einu. Hún er jafnt ræstítæknir sem ryksugar stéttina fyrir utan hjá sér sem og hugmyndaaríkur ferðalangur sem kann að komast leiðar sinnar. Nálgun hennar minnir að vissu leyti á aðferðir súrrealistanna sem sífellt reyndu að sjá hversdaglega hluti í nýju ljósi og ekki síst að koma auga á óvænta möguleika í gráma hversdagsins. Sem dæmi má nefna ljósmynd Man Rays frá fyrri hluta tuttugustu aldar af standandi straujarni með oddhvössum göddum á straukletinum.

Prekhjól á hjólum (forsíða)

Gifford sérhæfði sig í því að stökva á reiðhjóli ofan í sundlaugar. Hann hjólaði á liltum palli 20 metra yfir jörðu og lét sig síðan falla yfir brúnina. Áhorfendur áttu von á að hann snerist í loftinu og lenti í vatninu með reiðhjólid ofan á sér, en svo fór ekki. Gifford sagði að galdurinn fælist í því að hann væri einfættur. Þegar ég fer fram af brúninni stand ég á öðrum petalanum en enginn þrýstingur er á hinum petalanum því þar er enginn fótur! Þannig næg ég rétta jafnvæginu á leiðinni niður.

Tools for the imagination

In the past few years Ilmur Stefánsdóttir has received recognition for her work, which is unusual, witty and at the same time to the point. She is an artist who does not have to look far for inspiration for her works; the day-to-day world of the things that surround us is fertile ground to her. Ilmur is an originator who invents new types of mobile/duo phones and she uses fibre optic cable to create unusual headwear, she is a housewife who boils potatoes in the foot-massager and invents shopping-gloves that enable you to carry many bags at a time. She is a cleaning-technician who vacuums-cleans the sidewalk just as she is an imaginative traveller set on her course. In a certain way her methods echo the Surrealists who constantly tried to bathe everyday things in unusual light and to spot unexpected potential in the mundane. A good example is a photograph by Man Ray from the early days of the 20th century. It shows an iron with a spiked surface standing on end.

Ilmur approaches everyday things like a person from a different, distant culture, like Crocodile Dundee experiencing the unknown metropolitan life for the first time, like someone with wide-open eyes, someone full of curiosity and intrigue, someone with a great and active imagination. But as simple and entertaining Ilmur's work might appear on the surface, it never the less carries a complex and ambiguous message.

"There is hardly an action that does not have a corresponding tool or mechanism," says the French philosopher Jean Baudrillard in his book *The System of Things* from 1968. He discusses among other things, the abundance of useful and ridiculous things in Western Society. The production of these things has certainly not decreased in the forty years that have past since he wrote those words. Baudrillard also mentions the peculiar beauty of things whose use we no longer know or remember. Such beauty is to

Exercise Bike on Wheels (front)

Gifford specialized in jumping into swimming pools on bicycles. He biked on a little platform 20 metres above ground and then launched himself over the edge. The audience expected him to turn in the air and land on the water with the bike on top of him, but that was not what happened. Gifford said that the trick was being one-legged. When I go off the bridge I stand on one of the pedals but there is no pressure on the other one as one of my legs is missing! That's how I retain the perfect balance on my way down.

Ilmur nálgast hversdagslega hluti líkt og sá sem kemur frá fjárlægu menningarsvæði, eins og Krókódila Dundee sem kemur í fyrsta sinn í borgarmenningu sem er honum óþekkt, sá sem hefur augun opin, er fullur forvitni og býr yfir ríku ímyndunarafli. En eins einföld og skemmtileg og verk Ilmar eru á yfirborðinu búa þau engu að síður yfir margræðri merkingu.

"Sú athöfn er varla til sem ekki á sér samsvarandi tól eða tæki", sagði franskur heimspekingurinn Jean Baudrillard í bók sinni Kerfi hlutanna árið 1968. Þar ræðir hann meðal annars um ofgnótt hluta, nýtsamlegra sem fátánlegra í vestrænu samfélagi. Vist er að á þeim tæpum fjórutiu árum sem liðin eru frá þessum ummælum hans hefur síst dregið úr framleiðslunni. Baudrillard nefnir enn fremur þá sérkennilegu feegurð sem felst í því sem við munum ekki eða vitum ekki lengur til hvers á að nota. Slík feegurð kemur einmitt fram í list Ilmar Stefánsdóttur. Þó að vissulega megi nota alla hluti sem Ilmur skapar er notagildi þeirra fyrst og fremst huglægt, þeir koma í myndunarafli okkar af stað.

Myndbönd Ilmar segja sögu á kiminn en um leið krefjandi hátt. Í þeim kemur áhrifamáttur miðilsins vel fram, það sem við sjáum á myndbandi hefur tilhneigingu til að breytast í sannleika. Á skjánum

be found in the work of Ilmur Stefánsdóttir. Although each of Ilmur's creations can certainly be used to various ends, their usefulness is first and foremost subjective - they jump-start our imagination. Ilmur's videos tell the story of her objects in a humorous yet demanding way. The power and effect of the interpreter is obvious, what we see on screen has the tendency to become truth. Everything is possible on the screen and everything is real. The works of the artist also relate to modern society, a society that is shaped by movies and television. Her videos also echo films of famous comedians like Charlie Chaplin, Buster Keaton and Jaques Tati, all of these men touched on the technological revolution, the abundance of things, the life and dreams of man in the midst of the hurly-burly of modern society. It is not far-off to deduce that the same sort of absurdity found in Lewis Carroll's stories and poems tends to characterize the work of Ilmur. Her vehicles and their equally hopeless, funny and real potential remind us of Carroll's poem The Hunting of the Snark. It tells the story of an expedition of a few craftsmen, including a hatter, a solicitor, a banker and a baker, who go off to hunt a weird being that they call the Snark which none of them has ever actually seen. The journey is marked by delusion, dreams and absurd events in the spirit of Carroll. The baker finally finds the Snark but



Hjólaseti

Búðu þig undir alveg nýja tilfinningu fyrir rými, þægindum, öryggi og ánægju á ferðum.

Wheelseat

Prepare for a completely new sense of space, comfort, safety and pleasure while travelling.

Hlaupagrind

Frelsið til að aðlagast breyttum kringumstæðum
verður aðeins fullkomið með farartæki sem hefur
sama sveigjanleika og þú!

Running-walker

The freedom to adapt to different circumstances is
only perfect with a vehicle that is as flexible as you!

verður allt hægt og allt raunverulegt. Þar vísa verk listakonunnar einnig til samfélagsins í dag, samfélags sem mótað er af myndum og sjónvarpi. Myndbönd hennar bergmála kvikmyndir frægra grínista eins og Chaplin, Buster Keaton eða Jaques Tati, en allir unnu þeir að einhverju leyti með tæknivæðingu samfélagsins, ofgnótt hlutanna og líf og drauma mannsins í hringiðunni miðri. Það er ekki laust við að fánleikinn sem einkennir jafnan sögur og ljóð Lewis Carroll sé einnig eitt af því sem einkennir verk Ilmar. Farartæki hennar og jafnt vonlausir, fyndnir sem raunverulegir möguleikar þeirra minna á kvæði Lewis Carroll, Leitinn að Snarkinum.

Í Leitinni að Snarkinum segir frá för handverksmanna, þar á meðal hattagerðarmanns, málafærlumans, bankamanns og bakara sem leggja upp í leit að kynjaveru sem þeir kalla Snarkinn en enginn þeirra hefur nokkurn tíma séð. Förin einkennist af villum, draumum og fánlegum upptökum. Loks finnur bakarinn Snarkinn en ó, ve! Hann reynist vera Boojum! Auðvitað veit heldur enginn hvað slíkt fyrirbæri er, en þar sem það er vitað mál að finni einhver Snark sem reynist vera Boojum hverfur sá hinn sami samstundis. Sú verður auðvitað raunin og lýkur þannig för og kvæði.

Það er auðvelt að sjá samlíkingu með kvæðinu og lífsleiðinni, rétt eins og milli farartækja Ilmar og endalausrar ferðar okkar gegnum lífið. Þannig er undir hlálegu yfirborði þessara óvenjulegu hluta alltaf þyngri undirald. Hvert stefnum við og hvaða farartæki notum við á leið okkar? Kannski er ekki úr vegi að hafa augun jafnan opin fyrir öllum þeim möguleikum sem lífið og listin bjóða upp á. Það má bókstaflega skemmta sér við að fara yfir ganginn á hjólaskautum með sæti jafnt sem hækjum á hjólu, eða nota þessi hjálpartæki til að koma myndunaraflinu af stað um leið og við veltum fyrir okkur nánasta umhverfi og samfélagi.

Eða eins og segir í Leitinn að Snarkinum:

"To seek it with thimbles, to seek it with care;
To pursue it with forks and hope,
To threaten its life with a railway share;
To charm it with smiles and soap!"

Ragna Sigurðardóttir



alas! He turns out to be a Boojum! Of course nobody knows what a Boojum is, but it is a known fact that if someone finds a Snark that turns out to be a Boojum that same person will vanish instantly. And of course that is what happens and so ends the hunt and the poem. It is easy to see the similarities between the poem and the life itself, just as it is easy to see similarities between Ilmur's vehicles and our endless journey through life. There is always a deeper and darker current under the light and humorous surface of these unusual things. Where are we headed and what vehicles do we use on our journey? It is perhaps not out of the way to keep our eyes open to all the possibilities that life and art have to offer. It is possible to simply have fun crossing the corridor on roller-skates with a seat or with crutches on wheels but it is also possible to use these tools to ignite a spark in our imagination while we contemplate on our nearest surroundings and our society.

Or as it says in the Hunting of the Snark:

"To seek it with thimbles, to seek it with care;
To pursue it with forks and hope,
To threaten its life with a railway share;
To charm it with smiles and soap!"

Ragna Sigurðardóttir
(Translation Helga Soffía Einarsdóttir)



Ilmur Stefánsdóttir er fædd í Reykjavík 1969. Hún nam við Myndlista- og handiðskóla Íslands, Textíleildi 1991 - 1995 og í Goldsmiths College, London þaðan sem hún útskrifaðist með MA gráðu árið 2000.

Ilmur hefur haldið fimm einkasýningar; þá fyrstu í Galleri Mokka árið

1999. Síðan "Dysfunctionalism" í Galleri Sævars Karls, 2000, "Commononsense" í Galleri Hlemmur 2001 og Gallery Format, Malmö, Svíþjóð, 2002, "Maðurinn sem hélt að konan hans væri hattur" í anddyri Borgarleikhúss, 2003.

Listakonan setti upp leiksýninguna "Common Couple" í Borgarleikhúsinu á síðasta ári (leikin myndlist) og er að skipuleggja fleiri verkefni á því sviði. Auk þessa hefur Ilmur tekið þátt í á annan tug samsýninga á Íslandi, Svíþjóð og í London.

Ilmur hefur tvisvar unnið fyrstu verðlaun í samkeppni Vetrarhátíðar í Reykjavík; árið 2002 fyrir "STJÖRNUHRAP- Karlsvagninn" og 2003 fyrir verkið "Ljósberar" sem sett var upp í hólmánum á Tjörninni, Reykjavík.

Ilmur Stefánsdóttir was born in Reykjavík in 1969. She studied at the College of Art and Crafts, Dept. of Textiles 1991-95, and at Goldsmith College, London, where she graduated with a Master's degree in 2000.

Ilmur has held five private exhibitions; the first in Gallery Mokka 1999, then "Dysfunctionalism" at Gallery Sævar Karl in 2000, "Commononsense" in Gallery Hlemmur 2001 and in Gallery Format in Malmö in Sweden in 2002, and "The Man Who Thought his Wife Was a Hat" in the foyer of the City Theatre in Reykjavík in 2003.

The artist produced the exhibition "Common Couple" in the City Theatre in Reykjavík in 2002 (as "theatrical" art) and is planning more projects in this area. In addition she has taken part in more than a dozen joint exhibition in Iceland, Sweden and London.

Ilmur has twice been awarded first prize for her proposals in competitions for the Winter Festival in Reykjavík; in 2002 for the project "SHOOTING STAR - The Plough" and in 2003 for "Light Carriers" that was put up in the islet in the Lake in the center of Reykjavík.

INNGANGUR

Í hraða og taumleysi nútímasamfélags er oft nauðsynlegt að grípa til óvæntra tilvísana til að sýna hversdaglegar athafnir okkar með verðugum hætti; við erum á stundum örvingluð yfir eigin vanmætti, oftast þreytt á að þurfa að sýnast annað en við erum, stöðugt leitandi að nýjungum, og alltaf á nálum yfir að vera "öðru vísi".

Það er eitt af hlutverkum listarinnar að bregða upp spegli, sem getur hjálpað okkur að vinna ofan af þeirri spennu sem einkennir líf okkar flestra. Stundum hæfir best að nota spegil alvöru lífsins, ábyrgðar og þeirrar skynsemi sem gleymist því miður oft í lífsgæðakapphlaupinu. Í öðrum tilvikum er heppilegra að notfæra sér spaugilegri hliðar mannlífsins, þannig að í speglinum blasi við okkur vabíljur eigin tilveru – því að þrátt fyrir eigið ágæti verður að viðurkennast að við höfum með ýmsum hætti þróað umhverfi okkar og athafnir með þeim hætti að auðvelt er að segja að við séum horfin frá almennri skynsemi yfir á vettvang fánánleikans.

Ilmur Stefánsdóttir skapar með verkum sínum spegil af síðara taginu. Mobiler eru farartæki fánánleikans, og vísa með hnitmiðuðum og skýrum hætti til þess að við eigum að gefa okkur tíma til að njóta allra þeirra farar-skjóta sem okkur bjóðast á lífsvegnum. Þeir ólíklegustu geta nefnilega einnig skilað okkur nokkuð á veg.

Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

INTRODUCTION

In the stress and abandon of contemporary society it is often necessary to use unexpected references to show our daily pursuits in a worthy context: that we are sometimes desperate about our own incompetence, most of the time tired of having to pretend to be what we are not, continuously searching for something new, and always dithering for fear of being "different".

It is one of the roles of art to provide a mirror that can help us to unwind the tension that marks most of our lives. Sometimes it is best to use the mirror of the reality of life, the responsibility and common sense that is unfortunately often forgotten in the rat race of life. In other cases it is better to use the more humorous sides of life, so that the mirror will show us the superstitions of our own lives – because in spite of our perfection it must be conceded that in many ways we have developed our environment and actions in such ways that it is easy to say that we have left the road of common sense and entered the field of the ridiculous.

Through her works Ilmur Stefánsdóttir creates mirrors of the second kind. Mobiler are the vehicles of the ridiculous, and pointedly and clearly refer to the fact that we must give ourselves time to enjoy all the vehicles we are offered on the road of life. Because the most unlikely can also help us move forward.

Eiríkur Þorláksson,
Director of Reykjavík Art Museum

Kjarvalsstaðir

Flókagötu - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 552 6131 Fax: (354) 562 6191

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00

Sunnudaginn 6. apríl kl. 15.00

Listamannsspjall

Ilmur Stefánsdóttir býður til listamannsspjalls í tengslum við sýningu sína *Mobiler í miðryminu*.

Sunnudaginn 4. maí kl. 15:00

Listamannsspjall

Helgi Þorgílls Friðjónsson býður til listamannsspjalls í tengslum við einkasýningu sína í vestursal.

Hafnarhús

Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík

Sími/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00

Miðvikudaginn 9. apríl kl. 20.00

Fyrirlestrar

Sýningarstjórnir Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun og Jón Ólafsson heimspækingur flytja erindi í tengslum við sýninguna *Heilbrigði, hamingja og friður* – Sovésk veggspjöld frá sjöunda og áttunda áratugnum. Erindi Guðmundar ber yfirskriftina *Sovésk áróðursveggspjöld frá upphafi byltingar og til endaloka Sovétríkjanna* en erindi Jóns *Háð og hamingja*.

10. – 29. maí

Fræðsludagskrá LHI

Í tilefni útskriftarsýningar Listaháskóla Íslands býður skólinn til fræðslu- og kynningardagskrár um skólann og starfsemi hans, sem nánar verður kynnt síðar.

13. júní – 7. september

Smekkleysu-viðburðir

Blásið verður til tónleika, ljóðalesturs og kvikmyndasýninga meðan á sýningunni *Humar eða frægd* - Smekkleysa í 16 ár stendur. Einnig verður boðið upp á myndbandahorn, tölvuhorn, o.fl. Þjóðhátíðardagurinn og Menningarnótt munu skipa sérstakan sess á sýningartímabilinu en viðburðir verða auglýstir betur þegar nær dregur.

Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201

Opið alla daga 13-16 / Open daily 13-16

– 11. maí

Listin meðal fólksins / Art in Public

Höggmyndir Ásmundar Sveinssonar / Sculptures by Ásmundur Sveinsson

Laugardaginn 12. apríl kl. 15.00

Listamannsspjall

Eygló Harðardóttir býður til listamannsspjalls í tengslum við innsetningu sína í Kúlunni.

ATH! Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll þrjú húsin

NB! The admission-ticket is valid on the same day for all three houses

Safngestir njótið góðra og glæsilegra veitinga í veitingastofu Kjarvalsstaða og í Hafnarhúsinu. Opið er á opnunartíma safnsins og fritt inn.

Guests can enjoy excellent refreshments in the café in Kjarvalsstaðir and in Hafnarhúsið. The opening hours are the same as the museum's and the entrance is free.